



Upplýsingar um réttindi hluthafa á hluthafafundi í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 10. nóvember 2015.

Til fundarins var fyrst boðað með fundarboði þann 14. október 2015. Heildarfjöldi hluta á þeim degi var kr. 2.438.480.516 en heildarfjöldi atkvæða á sama degi var kr. 2.327.654.313, þar sem að eigin hlutir félagsins veita ekki atkvæðisrétt.

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi félagsins:

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar - Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu (stjorn@vis.is) um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Með kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. *Kröfu má gera í síðasta lagi tíu dögum fyrir hluthafafund.* Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

Reglur um sókn hluthafafundar - Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund í félaginu og taka þar til máls. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundi. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt (stjorn@vis.is) umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að hluthafafundur hefst.

Atkvæðavægi og -greiðslur - Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess.

Hluthafafundur kys stjórn félagsins með hlutfallskosningu. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.